

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 9.03.2021, kl. 17:15

Mætt úr aðalstjórn: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Sigurgeir Guðlaugsson (SG),

Mætt úr deildum: Aron Friðrik Georgsson (AFG) f.h. lyftingadeildar, Sæmundur Friðjónsson (SF) f.h. knattspyrnudeildar, Birgir K. Kristmannsson (BK) f.h. körfuknattleiksdeildar, Pétur Bjarnason (PB) og Lárus Halldórsson (LH) f.h. handknattleiksdeildar, Ingibjörg Vilhjálmisdóttir (IV) f.h. fimleikadeildar, Sigrún Þorsteinsdóttir (SP) f.h. sunddeildar.

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Afrekssjóður

a) Aukaúthlutun til afrekshópa í desember 2020:

Í byrjun árs 2020 var úthlutað samtals 52.507.567 kr til afrekshópa Stjórnunnar. Vegna Íslands- og bikarmeistararitla var úthlutað samtals 1.050.000 kr yfir árið. Eftirstöðvar sjóðsins í árslok 2020 voru því 3.042.428 kr sem tekin var ákvörðun um að úthluta eftir forskrift og reglum sjóðsins til afrekshópa þess árs. Skiptist sú viðbótarúthlutun svohljóðandi:

- Fimleikar mfl kvk	274.081 kr
- Fimleikar mfl kk	181.943 kr
- Handbolti mfl kk	473.253 kr
- Handbolti mfl kvk	410.163 kr
- Knattspyrna mfl kk	691.478 kr
- Knattspyrna mfl kvk	440.566 kr
- Körfubolti mfl kk	570.945 kr

b) Kynning á stefnu varðandi úthlutun fyrir árið 2022 vegna rekstrarárs 2021 og endurnýjun á reglugerð sjóðsins:

Kynnt var fyrir formönnum deilda stefna aðalstjórnar varðandi framtíðarúthlutun fjármuna úr Afrekssjóði. Hún felst einna helst í eftirfarandi:

Ef eiginfjárstaða tiltekinna afreksdeilda verður neikvæð umfram tiltekið viðmið, þá verði úthlutun úr Afrekssjóði til viðkomandi deilda ráðstafað til að hækka viðkomandi eiginfjárstöðu (en verði ekki úthlutað sem rekstrartekjum). Miðað verður við að til skerðingar úthlutunar úr Afrekssjóði komi ef eiginfjárstaða deildar verður neikvæðari en sem nemur 5% af rekstrartekjum fyrra árs eða 3.000.000 kr, hvort sem lægra reynist.

Við úthlutanir úr Afrekssjóði frá og með árinu 2022 verður þó ekki litið til neikvæðrar eiginfjárstöðu sem myndast hefur á rekstrarárinu 2020 og fyrr. Deildir með jákvæða eiginfjárstöðu vegna rekstrar fyrri ára njóta hennar áfram.

Reglugerð sjóðsins var uppfærð með þeim áherslum sem stjórn taldi mikilvægt að væru skýrari, má þar nefna:

- Bæta inn upplýsingum um skilgreiningu afrekshópa og hverjir eru styrkhæfir fyrir árið 2021.
- Bæta við tengingu við bókhaldslykla félagsins vegna úthlutunar úr flokki A svo enginn vafi sé á hvaða bókhaldsgögn/-lykla á að styðjast við í hverjum lið fyrir sig.
- Bæta við forsendum um öflugt barna- og unglingastarf sem forsendu fyrir möguleika á úthlutun úr Afrekssjóði.
- Forsendur skerðingar á úthlutun næsta árs, ef rekstrarniðurstaða er neikvæð í lok úthlutunarárs.

c) Úthlutun á árinu 2021

BS og ÁÍP fóru yfir úthlutun og skiptingu afreksstyrks til afrekshópa fyrir starfsárið 2021. Stuðst er við sömu forsendur til úthlutunar líkt og fyrri ár. Samtals verður úthlutað 85% af fjármunum sjóðsins í fyrstu úthlutun úr flokkum A og B, eða 93% að teknu tilliti til sveiflujöfnunar á skerðingum deilda. Í júní, að loknu keppnistímabili vetraríprótta félagsins, skal endurskoða hvort tækifæri séu til aukinnar úthlutunar, þ.e. af þeim fjármunum sjóðsins sem nú er haldið eftir.

Skipting tekna sem úthlutað var í fyrstu úthlutun úr Afrekssjóði fyrir árið 2021 er því eftirfarandi:

	fim kvk	fim kk	han ka	han kv	kna ka	kna kv	kör ka	kör kv	Lyftingar	Samtals
Úthlutun fyrir 2020	4.730.208	3.140.058	8.167.605	7.078.766	11.933.839	7.603.477	9.853.614	-		52.507.567
Loka úthlutun 2020	5.504.289	3.321.995	8.640.861	7.488.926	12.625.322	8.044.042	10.924.565		50.000	56.600.000
Úthlutun 2021	4.688.746	3.824.868	8.031.631	6.426.952	11.771.882	7.871.808	8.972.549	985.990		52.574.426
Mismunur	- 41.462	684.810	- 135.974	- 651.814	- 161.957	268.331	- 881.065	985.990		66.859
Eftir til úthlutunar	4.025.574									

Niðurstaða: Til upplýsinga.

2. Ársreikningur

a) Drög til endurskoðanda

Búið er að senda endurskoðanda fyrstu drög að ársreikningi félagsins fyrir árið 2020. Samkvæmt ársreikningsdrögum er félagið að skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á rúmlega 49 m.kr.. Heildartekjur félagsins voru rúmlega 771 m.kr. og gjöld rúmlega 723 m.kr. Stoðeiningar ásamt barna- og unglingastarfi félagsins eru í jákvæðum rekstri, sem og flestir afreksflokkar félagsins. Er einstaklega ánægjulegt að þetta stefni í að vera lokaniðurstaða erfiðs rekstrarárs en þar má einna helst þakka þeim ákvörðunum sem fyrri aðalstjórn ásamt formönnum deilda tóku í fyrstu bylgju Covid-19 faraldursins, inngripi ríkissins og regnhlífarsamtaka sem veittu aukastyrki til íþróttahreyfingarinnar, að ógleymdu framtaki sjálboðaliða deilda félagsins við ýmis konar fjáraflanir til að halda rekstri afreksstarfsins í réttum farvegi. Skuldir félagsins drógust saman á árinu um rúmar 50 m.kr. en þar vega einna þyngst aðgerðir aðalstjórnar og formanna deilda í vor þegar óljóst var með framhaldið vegna Covid-19.

b) Umræða um uppsetningu á ársreikningi

ÁIP og BS fóru yfir hugmyndir fjárhagsráðs aðalstjórnar um breytta framsetningu á ársreikningi félagsins. Helstu forsendur sem aðalstjórn horfir til varðandi breytingar á núverandi uppsetningu eru:

- Hætta að birta ársreikning hvernar einingar deilda fyrir sig, heldur draga frekar saman afreksstarf vs barna- og unglingsstarf.
- Áfram verður gert uppgjör fyrir allar einingar en vilji er fyrir að gæta þess að framsetning ársreikningsins sé ekki samkeppnishamlandi vegna birtingar of ítarlegra upplýsinga.
- Draga betur fram áhugaverðan samanburð í mælaborð.

BS óskaði eftir hugmyndum frá formönnum deilda varðandi þær stærðir sem áhugavert væri að draga fram í mælaborði.

Niðurstaða: Til upplýsinga.

3. Stefnumótun

a) Stefnumótun og uppeldisstefna

ÁIP fór yfir þá vinnu sem framundan er við umbætur á handbók félagsins í framhaldi af vottun félagsins sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Í tengslum við þá vinnu þarf að fara dýpra í þá stefnumótunarvinnu sem byrjað var á árið 2018. Nauðsynlegt er að móta heildstæða uppeldisstefnu félagsins, sem lýsir markmiðum félagsins í þeim efnum til næstu fimm ára og þá hvernig sú vinna endurspeglast í starfi einstakra deilda. Búið er að óska eftir tilboði frá þremur fagaðilum sem myndu stýra verkefninu í samráði við aðalstjórn.

b) Samskiptakerfi – kynning á innleiðingu á skrifstofu

ÁIP fór yfir innleiðingu á samskiptakerfi í anda „lean management“ sem starfsmenn skrifstofu eru að vinna í þessa dagana. Er vonin að með innleiðingunni náist að auka skilvirkni verkefna, auka samvinnu og traust milli starfsmanna og eins auka sýnileika þeirra verkefna sem starfsmenn eru að vinna að hverju sinni. Vonin er sú að geta svo í framhaldinu náð að auka gegnsæi til stjórnar deilda félagsins.

4. Önnur mál

- c) ÁIP minnti á skil á starfskýrslum stjórnar fyrir starfsárið 2020.
- d) ÁIP minnti á kynningarfund Garðabæjar á nýju íþróttamannvirki í Vetrarmýrinni sem fram fer miðvikudaginn 10. mars kl. 17:00.
- e) EÁ kynnti ákvörðun aðalstjórnar um að setja á laggirnar þriggja manna sérstaka heiðursviðurkenningarnefnd sem hefði það hlutverk að vera aðalstjórn til ráðgjafar um veitingu Gullstjörnu og Gullstjörnu með lárviðarsveig sem eru æðstu heiðursviðurkenningar félagsins. Í nefndinni taka sæti Snorri Olsen sem formaður, Anna Möller og Jóhann S. Ingimundarson.

- f) SG fór yfir stöðu mála í viðræðum við Sportland og hvaða úrræði verið væri að skoða vegna mikils fjölda kvartana á þjónustu verslunarinnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:10, ÁÍP